



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Starfsleyfi verðbréfafyrirtækis

Fjármálaeftirlitið gjörir kunnugt:

### Auður Capital hf.

hefur í dag fengið starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki skv. 6. tölulið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Starfsleyfi Auðar Capital hf., kt. 640507-0390, tekur til viðskipta og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti sem felst í móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga skv. a lið, framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina skv. b lið, eignastýringu skv. c lið, fjárfestingarráðgjöf skv. d lið, sölutryggingu í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga skv. d lið og umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skv. f lið 6. töluliðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 161/2002.

Auður Capital hf. hefur upplýst Fjármálaeftirlitið um að félagið hyggist stunda þá starfsemi á grundvelli 1. mgr. 25. gr. laga nr. 161/2002 sem upp er talin í viðauka við starfsleyfi þetta. Viðaukinn telst hluti starfsleyfisins og er félaginu óheimilt að hefja nýja starfsemi án þess að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkt fyrirfram og óska eftir viðtækara starfsleyfi.

Reykjavík, 10. janúar 2012

Gunnar P. Andersen

Ragnar Hafliðason